

Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP

Fimmtudaginn 11. maí var 2023 haldinn fundur í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Fundurinn hófst kl. 08:00 í Fossvogi. Mætt voru: Egill Heiðar Gíslason formaður, Kristján Guðmundsson varaformaður, Emilía G. Svavarsdóttir meðstjórnandi og Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri. Einnig kom á fundinn Kári Aðalsteinsson garðyrkjustjóri og Dagbjört Jónsdóttir frá fyrirtækinu Minningartré. Formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar
 2. Lykilmælikvarðar
 3. Minningartré
 4. Aðalfundur KGRP
 5. Stefnumótun
 6. Líkhúsmál
 7. Önnur mál
1. Lögð var fram fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt.
 2. Framkvæmdastjóri fór yfir lykilmælikvarða fyrir fyrstu 4 mánuði ársins 2022. Tap er af reglulegri starfsemi. Framlag hins opinbera fyrir umhirðu og greftranir hækkar eingöngu um 3% á milli ára en á sama tíma er verðbólga um 10% og kjarasamningar hækka verulega. Ljóst er að árið mun verða ákveðin áskorun fyrir reksturinn. Eftir mikla fjölgun bálfara fyrstu 3 mánuði ársins hefur dregið verulega úr fjölguninni og er fjöldi bálfara nánast sá sami og á síðasta ári. Gert er ráð fyrir færri stöðugildum í sumarstörfum í ár en á síðasta ári til að bregðast við þessum halla.
 3. Kynnt voru fyrirhuguð áform stjórnenda Kirkjugarðanna að bjóða upp á nýja tegund af jarðsetningum. Framkvæmdastjóri ásamt Kára og Dagbjörtu kynntu áformin sem lúta m.a. að nýrri tegund grafreita. Þessi nýja tegund grafreita er með öðru sniði en hefðbundnir kistu- og duftgrafreitir. Þetta felur m.a. í sér að plantað verður tré í reitinn auk þess sem boðið verður upp á að merkja leiði með QR kóða ásamt fleiri nýjungum. Um er að ræða umhverfisvænni leið sem styður m.a. við nýja umhverfisstefnu. Vel var tekið í þessi áform og samþykkt að halda áfram að þróa þessa tegund grafreita en gert er ráð fyrir að þetta verði kynnt á næstu vikum.
 4. Farið var yfir skipulag aðalfundar KGRP sem verður mánudaginn 15. maí. Framkvæmdastjóri gerði m.a. grein fyrir kynningu á stefnumótun KGRP sem gert er ráð fyrir að farið verði yfir á fundinum.
 5. Framkvæmdastjóri fór yfir stefnumótun og næstu skref vinnunnar. Meginhluta greiningarhluta stefnumótunarvinnunnar er að ljúka. Útfæra þarf stefnuna nánar og mun framkvæmdastjóri vinna að því ásamt stjórn og starfsfólki. Gert er ráð fyrir að innleiðingarhluti stefnumótunar muni hefjast síðsumars og í haust. Nokkrar umræður voru um stefnumótunina og var ánægja með þá vinnu sem hafði verið unnin.
 6. Framkvæmdastjóri fór yfir líkhúsmál. Framkvæmdastjóri mun senda bréf á dómsmálaráðherra og ráðuneytið til að gera grein fyrir stöðunni. Ljóst er að það stefnir í ófni í nánustu framtíð að öllu óbreyttu.
 7. Ekkert var ákveðið eða tekið fyrir sérstaklega undir liðnum önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 9:30.

Emilía Guðrún Svavarsdóttir
Ingvar Stefánsson
Egill Heiðar Gíslason